



Reykjavík, 17. september 2014

## **GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU LOÐNUVINNSLUNNAR Á FÁSKRÚÐSFIRÐI**

---

### **INNGANGUR**

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslnnar á Fáskrúðsfirði á tímabilinu 19. maí til 9. júlí 2014. Auk opinberrar auglýsingar á tillögunni var hún sérstaklega send til umsagnar umsækjanda, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Skipulagsstofnunar og Vinnueftirlitsins.

### **ATHUGASEMDIR UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGD UMHVERFISSTOFNUNAR**

Vinnueftirlitið gerði engar athugasemdir við starfsleyfistillögu að því tilskildu að fyrirtækið fari að þeim lögum og reglum sem Vinnueftirlitinu er falið eftirlit með.

Skipulagsstofnun gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerði ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Umsækjandi gerði athugasemdir við orðalag um fiskúrgang í grein 2.3 enda lítur umsækjandi ekki á hráefni sitt sem úrgang.

Umhverfisstofnun sá sér fært að verða við þessum óskum umsækjanda eftir breytingar á lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem samþykktar voru á Alþingi 16.maí 2014. Greininni hefur nú verið breytt á þann hátt að fjallað er um afskurð og aukaafurðir í stað afskurðs og annars fiskúrgangs.

Umsækjandi óskaði eftir því að grein 1.2 væri breytt á þann hátt að í stað þess að rekstraraðila væri heimil loðnuflokkun þá væri honum heimil flokkun á fiski enda hafi rekstraraðili frá upphafi flokkað síld og nú einnig makríl í flokkunarstöðinni og í framtíðinni gætu bæst við fisktegundir til flokkunar.

Umhverfisstofnun hefur fallist á þessa ósk umsækjanda og í grein 1.2. er rekstraraðila nú heimil flokkun á fiski.

Umsækjandi gerir athugasemd við grein 1.5. þar sem fram kemur að tilkynna skuli eftirlitsaðila um gangsetningu ef vinnsla hefur legið niðri í meira en mánuð. Umsækjandi sjái ekki þörf á því að tilkynna eftirlitsaðila um vertíðabundna starfsemi.

Umhverfisstofnun telur aftur á móti heppilegt að rekstraraðili upplýsi stofnunina sem oftast um hvort starfsemi liggja niðri eða ekki. Með því móti hefur stofnunin, sem eftirlitsaðili með rekstrinum, betri yfirsýn yfir starfsemina og á hægara með að skipuleggja eftirlit og bregðast við mögulegum kvörtunum sem berast vegna starfseminnar.



Umsækjandi gerði athugasemd við grein 2.2. þar sem fram kemur að magn reikulla basa skuli ekki fara yfir 100 mgN/100 g og við grein 2.9 þar sem fram kemur að uppfylli hráefni ekki kröfur um TVN gildi í grein 2.2 skuli rekstraraðili meta verðurfar og forðast vinnslu þegar vindátt er að byggð. Umsækjandi telur að viðmið fyrir TVN gildi sé of lágt og að 120 mgN/100 g eins og í eldra starfsleyfi sé mun raunhæfara.

Umhverfisstofnun vísar hér í fylgiskjal sem fylgir útgefnu starfsleyfi en mörk í grein 2.2 fyrir reikula basa í hráefni eru ákvörðuð út frá því að brennisteinsvetni byrjar að myndast í fiskhráefni við TVN gildi 50-100 mgN/100 g.

## **AÐRAR BREYTINGAR SEM UMHVERFISSTOFNUN GERÐI FRÁ AUGLÝSTRI TILLÖGU**

- Bætt var við grein 1.10 sem fjallar um umhverfisábyrgð en í samræmi við lög um umhverfisábyrgð nr.55/2012 þá ber rekstraraðili ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi.
- Í grein 3.2 var bætt inn texta um að TVN skráningar skuli sendar inn eftir hverja vertíð.
- Innláttarvillur og orðalag lagað á stöku stað.